

S A M N I N G U R

um uppgjör verðbréfavíðskipta.

Seðlabanki Íslands kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, Reykjavík, (hér eftir nefndur Seðlabankinn), og Verðbréfaskráning Íslands hf. kt. 500797-3209, Laugavegi 182 (hér eftir nefnd Verðbréfaskráning), gera með sér eftirfarandi samning um uppgjör verðbréfavíðskipta:

1. gr.

Samskipti og fyrirkomulag.

Seðlabankinn og Verðbréfaskráning skuldbinda sig til að haga samskiptum og fyrirkomulagi um uppgjör verðbréfavíðskipta, svo og öðrum atriðum, á grundvelli samnings þessa og meðfylgjandi samkomulags um verklag vegna uppgjors verðbréfavíðskipta frá 25. ágúst 2009 (hér eftir nefnt samkomulagið). Samkomulagið skal birt á vefsíðu beggja samningsaðila. Beri ákvæðum samningsins og samkomulagsins ekki saman, skulu ákvæði samningsins ganga framár.

2. gr.

Afhending gegn greiðslu.

Samningsaðilar skuldbinda sig til að tryggja örugga vernd fjármuna og hagsmuni kaupenda og seljenda, þannig að seljendur verðbréfa fái ekki aðgang að handbæru fé án afhendingar verðbréfa og öfugt. Þau greiðslufyrirmæli sem Seðlabankinn framkvæmir að beiðni Verðbréfaskráningar vegna verðbréfauppgjorsins eru til fullnustu á því verðbréfasafni sem koma skal til afhendingar á hverjum tíma, þ.e. að samhliða greiðslu komi öll undirliggjandi verðbréf til afhendingar. Verðbréfaskráning ber ábyrgð á að samræmi sé á milli greiðslufyrirmæla og verðbréfa sem koma eiga til afhendingar.

3. gr.

Upplýsingamiðlun.

Verðbréfaskráning skal láta Seðlabankanum í té reglubundnar upplýsingar um þróun veltu og færslufjölda. Samningsaðilar skulu jafnframt láta hvor öðrum tímanlega í té upplýsingar um allar breytingar á kerfum hvors annars sem með einum eða öðrum hætti geta haft áhrif á framkvæmd verðbréfauppgjors, valdið vandamálum í rekstri og annað sem varðar öryggi og skilvirkni verðbréfauppgjorsins.

4. gr.

Tæknilegur búnaður og eftirlit.

Seðlabankinn og Verðbréfaskráning skulu á hverjum tíma hafa yfir að ráða þeim tæknilega búnaði sem nauðsynlegur er til að reka stórgreiðslu- og verðbréfauppgjorskerfin og hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi til greiningar á víðskiptum og áhættu þeim tengdum. Verðbréfaskráning annast skráningu á öllum frávikum sem upp koma í rekstri kerfisins.

5. gr.

Viðbúnaðaráætlun.

Samningsaðilar skulu innan 3ja mánaða frá undirritun samnings þessa yfirfara viðbúnaðaráætlanir sínar og uppfæra til samræmis við samninginn og samhæfa þær eftir því sem þörf krefur.

6. gr.

Viðbúnaðaræfingar.

Samningsaðilar skulu í samvinnu við Reiknistofu bankanna og þátttakendur verðbréfauppgjörskerfisins eftir því sem við á hverju sinni, æfa viðbúnað í því skyni að reyna á rekstraröryggi, viðbrögð og vanda sem upp getur komið í tengslum við rekstur stórgreiðslukerfis og verðbréfauppgjörskerfa. Dæmi um slíkar æfingar eru:

1. Viðbrögð við vanda tengdum skorti á innstæðu til peningalegs uppgjörs.
2. Viðbrögð við vanda tengdum skorti á verðbréfum til uppgjörs.
3. Viðbrögð vegna tæknivandamála hjá rekstraraðilum og/eða flutningi milli aðal- og varasetra.
4. Viðbrögð við vanda tengdum skyndilegu brotthvarfi þátttakenda.
5. Viðbrögð við samskiptum milli þátttakenda, tæknilegra rekstraraðila og/eða samningsaðila.

7. gr.

Boðskiptaferlar, staðlar.

Samningsaðilar ásetja sér að styðjast við viðeigandi alþjóðlega boðskiptaferla og staðla eftir því sem þörf krefur til að auðvelda skilvirkt og öruggt verðbréfauppgjör.

8. gr.

Gagnsæi og skilvirkni.

Samningsaðilar skulu veita reiknings- og uppgjörstofnunum fullnægjandi upplýsingar til að þær geti greint og metið undirliggjandi uppgjörssáhettu og metið kostnað við uppgjórið. Samningsaðilar skulu leitast við að gæta fyllstu hagkvæmni í rekstri kerfanna án þess að það verði á kostnað öryggisþátta.

9. gr.

Alþjóðlegar reglur.

Samningsaðilar haga uppbyggingu og fyrirkomulagi kerfa sinna með þeim hætti að þau uppfylli á hverjum tíma alþjóðlegar reglur og tilmæli hvað varðar uppgjör verðbréfa bæði hvað varðar vistun og fyrirkomulag peninga- og verðbréfahluta uppgjörins.

10. gr.

Eftirlit og yfirsýn.

Verðbréfaskráning ber ábyrgð á daglegum rekstri kerfisins og ber að tryggja að fullnægjandi hæfni, þekking og búnaður sé til staðar til að reka kerfið í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma.

Fjármálasvið Seðlabankans hefur með höndum yfirsýn (e. oversight) með rekstri kerfislegra þýðingarmikilla greiðslu- og verðbréfauppgjörskerfa að því er varðar öryggi þessara kerfa, skilvirkni og hagkvæmni. Bókhaldssvið Seðlabankans annast hins vegar daglegan rekstur stórgreiðslukerfisins. Fjármálaeftirlitið annast eftirlit (e. supervision) með framkvæmd þátttakenda sem aðild eiga að greiðslu- og verðbréfauppgjörskerfum. Verðbréfauppgjörkerfið fellur í flokk kerfislega þýðingarmikilla kerfa eða innviða íslenska fjármálakerfisins.

11. gr.

Gjaldtaka fyrir þjónustu.

Verðbréfaskráning greiðir Seðlabankanum í samræmi við gjaldskrá bankans á hverjum tíma fyrir þá þjónustu sem bankinn veitir Verðbréfaskráningu í tengslum við peningalegt uppgjör verðbréfaviðskipta. Verðbréfaskráning greiðir Reiknistofu bankanna fyrir veitta þjónustu sem m.a. tekur til nettunar þeirra verðbréfaviðskipta sem koma til uppgjörs í stórgreiðslukerfi Seðlabankans. Breytingar á gjaldskrá skulu tilkynntar með þriggja mánaða fyrirvara.

12. gr.

Gildistaka.

Samningur þessi tekur gildi 21. september 2009. Frá sama tíma fellur úr gildi eldra uppgjörsfyrirkomulag aðila skv. samkomulagi frá 25. maí 2000. Báðum aðilum er heimilt að óska eftir endurskoðun eða niðurfellingu samningsins með 6 mánaða fyrirvara.

13. gr.

Ágreiningur.

Rísi ágreiningur út af samningi þessum skal reka málið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt lögum nr. 91/1991.

Samningurinn er undirritaður í tveimur samhljóða eintökum og fær hvor aðili eitt eintak.

Reykjavík, 25. ágúst 2009.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

VERÐBRÉFASKRÁNING ÍSLANDS HF.

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri

Einar Sigurjónsson
forstjóri

Tryggvi Pálsson
framkvæmdastjóri

Fylgiskjal: Samkomulag um verklag vegna uppgjörs verðbréfaviðskipta frá 25. ágúst 2009